



## **Stjórnarfundur Grænu orkunnar 22.3.2022**

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **9:00-10:30**. Mætt voru Ágústa Loftsdóttir, Ásta Þorleifsdóttir, Benedikt Stefánsson, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, og Íris Hannah Atladóttir.

Anna Margrét Kornelíusdóttir ritaði fundinn og Jón Björn Skúlason var einnig viðstaddur.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt
2. Málefnavinna og samskipti við hagaðila
  - a. Gestir fundarins verða fulltrúar Samtaka vetnis- og eldsneytisframleiðenda (30 mínútur)

Auður Nanna og Tryggvi Þór Herbertsson kynntu fyrir stjórn nýstofnuð samtök VoR, aðila þeirra og helstu áherslur. Ljóst sé að innanlands neysla verði í forgangi og það eldsneyti sem ekki nýtist hér fari í útflutning en ná þarf stærðarhagkvæmni til þess að orkuskipti með rafeldsneyti borgi sig. Rætt um stuðningssjóði annarra ríkja fyrir innflutning á grænu vetni og mikilvægi þess að hið opinbera niðurgreiði eldsneytið sjálft í stað virkjana eða framleiðslu þess.
  - b. Forgangsöröðun varðandi samstarf og viðræður við hagaðila á starfsárinu
3. Viðburðir 2022
  - Aðalfundur Grænu orkunnar (5. maí)

Ákveðið að bjóða fulltrúa frá Ballard og Samtökum vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda að halda erindi í tengslum við aðalfund auk olúfélaganna N1, Olís, Skeljungur, Atlantsolía. Erindin fjalli um sýn félaganna á stöðu og þróun markaðarins. ÁP nefndi að líklegt sé að stuðningur við lífdísilframleiðslu hér á landi verði aukinn. Sandra Ásgrímsdóttir hjá Mannvit hefur verið viðloðandi rannsóknir á repjuolíu. Vetnisvegvísir verður þá kannski kominn út og það mætti ræða hann frekar í samhengi við önnur erindi á aðalfundinum.
  - Kynning á Nordic Innovation úthlutun – í biðstöðu
  - Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (vor 2022)
4. Önnur mál

Rætt um frumvarp um breytingar á lögum um vsk sem er í [Samráðsgátt](#). Þar eru lagðar til breytingar á hámarksfjölda vistvænna bíla sem njóta ívilnana og ný fjárhæðarmörk

Ívilnunar fyrir vistvæna bíla. Þar er verið að tryggja framlengingu ívilnunar fyrir rafbílásölu fyrir eitt ár til viðbótar.

GVS nefndi að SAF og fleiri hygðust senda inn erindi varðandi endursölu bifreiða sem njóta ívilnunar þar sem ökutækjaleigur og fjármögnunarfyrirtæki þurfa að endurgreiða niðurfellinguna en aðrir ekki.

BS greindi frá því að hann hygðist skipta um starfsvettvang, og færi til Alvotech. Hann myndi því ekki bjóða sig fram á ný í stjórn Grænu orkunnar. Stjórnarfolk óskaði honum velfarnaðar og þakkaði farsælt samstarf undanfarin tvö ár.

Reykjavík, 31. mars 2022  
Anna Margrét Kornelíusdóttir